



Fundargerð stjórnar

4. fundur

Miðvikudaginn 10. janúar 2006 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins í skrifstofu Höfðahrepps kl 10.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Bjarni Maronsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Stjórnarformaður, Bjarni Maronsson setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Svæðisáætlun um eyðingu sorps.

Fyrir fundinum lágu drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 sem samin er af Gunnari Svavarssyni hjá Línuhönnun hf. Með áætluninni er brugðist við nýjum markmiðum sem sett eru fram í reglugerðum sem fjalla um sorphirðu. Í skýrslunni er farið yfir helstu reglugerðir sem fjalla um sorphirðu og teknar saman þær tölulegu upplýsingar sem fyrir liggja um gerð og magn úrgangs sem til fellur í aðildarsveitarfélögum Norðurár bs. Í skýrslunni er skoðað hvernig úrgangur dreifist yfir árið, heildarmagn dregið saman og myndun úrgangs borin saman milli sveitarfélaga. Þá eru í skýrslunni teknar saman upplýsingar um aðstöðu á svæðinu fyrir sorphirðu svo sem flokkunarstöðvar o.fl. Einnig er gerð spá um fyrir úrgangsmýndun fram til ársins 2020. Í áætluninni er skoðað hvernig Norðurá bs. stendur gagnvart reglugerðarákvæðum varðandi minnkun á urðun lífræns úrgangs og flokkun og endurvinnslu á umbúðum auk fleiri krafna. Þá eru gerðar tillögur að markmiðum fyrir Norðurá bs. til að mæta kröfum og lagðar fram ýmsar tillögur um úrlausnir. Í niðurstöðum er lagt til að úrbætur í sorphirðumálum á svæði Norðurár bs. verði gerðar í hægum en öruggum skrefum. Stjórnin yfirfór skýrsluna og ræddi framsetningu hennar og helstu niðurstöður. Nokkrar athugasemdir voru gerðar við orðalag og efni skýrslunnar.

2. Önnur mál

Rætt var um næstu skref við skilgreiningu á sameiginlegri sorpeyðingu aðildarsveitarfélagann og ákveðið að leita eftir sérfræðiáliti á möguleikum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13.40

Bjarni Maronsson

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson